

Priðjudaginn 13. apríl 1976.

Nr. 107/1975. **Landleiðir h/f og
Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).
gegn
Jóhönnu Guðlaugsdóttur og gagnsök
(Kristinn Einarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og prófessor Arnljótur Björnsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 2. september 1975. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. september 1975. Krefst hún þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða henni 1.062.484 krónur með 9% ársvöxtum frá 4. desember 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál. Gagnáfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafvörn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 26. september 1975.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um, að aðaláfrýjandi Landleiðir h/f beri fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, sbr. 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo og um það, að aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t sé greiðsluskyldur óskipt með honum samkvæmt 2. mgr. 74. gr., sbr. 3. mgr. 70. gr. nefndra laga.

Ekki þykir hafa verið leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hafi vanrækt að gæta að umferð bifreiða, áður en hún gekk yfir götuna. Samkvæmt framansögðu og þegar þess er gætt, að

bifreiðin var mjög vanbúin til aksturs, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki á það fallist, að gagnáfrýjandi hafi sýnt slíka óvarkáрни, að bætur til hennar verði lækkaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um fjárhæðir bóta fyrir fjártjón og miska svo og ákvæði hans um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og renni hann í ríkissjóð.

Allur gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Landleiðir h/f og Samvinnutryggingar g/t, greiði óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, að viðlagðri aðför að lögum.

Allur gjafvarnarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júní 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. f. m., hefur Jóhanna Guðlaugsdóttir, Eskihlíð 22 A hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 20. desember 1974, á hendur Samvinnutryggingum, Ármúla 3 hér í borg, og Landleiðum h/f, Reykjanesbraut 10—12, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 1.062.404 með 9% ársvöxtum frá 4. desember 1973 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en með leyfi dómsmálaráðuneytisins hinn 17. apríl 1974 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. desember 1973 var stefnandi á leið norður yfir Reykjanesbraut austan Litluhlíðar hér í borg, og varð hún þá fyrir bifreiðinni R 4706, eign stefnda Landleiða h/f, en lögbundin ábyrgðartrygging fyrir bifreiðina var keypt hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t. Við slys þetta hlaut stefnandi líkamsmeiðsl, er leiddu til tímabundinnar og varanlegrar örorku, svo sem síðar verður rakið. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Í skýrslu Eyjólfssonar lögreglumanns, sem tekin var á vettvangi, segir, að ökumaður bifreiðarinnar, Jón Árnason, hafi ekið bifreiðinni vestur Hafnarfjarðarveg í mjög slæmu skyggni. Er hann hafi verið að aka niður Eskihiðarbrekkuna og átt skammt eftir að gatnamótum Litluhlíðar, þá hafi hann veitt stefnanda athygli, þar sem hún hafi gengið út á akbrautina Eskihiðarmegin og þvert yfir götuna. Ökumaðurinn hafi reynt að hemla, er hann hafi séð konuna ganga yfir akbrautina, en bifreiðin hafi ekki látið vel að stjórn. Mikil umferð bifreiða hafi verið á móti og hafi þetta borið svo brátt að, að hann hafi ekki áttað sig, fyrr en bifreiðin hafi lent á konunni, sem hafi fallið í götuna fyrir framan bifreiðina. Það kemur fram í skýrslunni, að farþegar hafi verið margir í bifreiðinni, en þeir hafi ekki talið sig vera vitni að slysinu. Þá hafi ökumaður bifreiðar, sem ók á eftir bifreiðinni R 4706, ekki talið sig vitni að slysinu. Eftir slysið var stefnandi flutt á slysadeild Borgarspítalans.

Í skýrslu lögreglumannanna kemur fram, að er umræddur atburður varð, hafi verið myrkur, rigning og færi blautt. Hafnarfjarðarvegur er malbikuð gata.

Fyrir rannsóknarlögreglunni skýrði stefnandi svo frá hinn 12. desember 1973, að hún myndi ekki neitt eftir slysinu. Hún kvaðst hafa farið í strætisvagn niðri í bæ og ætlað með honum heim til sín. Hún hafi óviljandi farið fram hjá biðstöð á Eskihið og því ekki komist úr vagninum fyrr en á biðstöðinni sunnanvert á Öskjuhlíðinni. Hún hafi síðan gengið til baka eftir gangbraut, sem þarna er vestan við Hafnarfjarðarveginn, en er hún átti ekki langt eftir niður að Litluhlíð, kveðst hún hafa ætlað þvert yfir götuna. Rigning hafi verið og súld og slæmt skyggni. Hún kvaðst hafa gætt vel í kringum sig, áður en hún gekk út á götuna, en hún kvaðst oft ganga þarna yfir. Hún kvaðst ekki hafa séð neinar bifreiðar nálgað og því gengið út á götuna og

ætlað beint yfir hana. Hún kvaðst næst hafa munað eftir sér uppi á Borgarspítala.

Jón Árnason, ökumaður bifreiðarinnar R 4706, skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni 10. desember 1973, að rétt væri eftir sér haft í skýrslu lögreglunnar. Hann kvaðst hafa ekið niður Eskihlíðina og hefði hraðinn hjá sér verið á að giska 30—40 km/klst. Engin umferð hafi verið á undan sér, en talsverð umferð á móti. Kvaðst hann skyndilega hafa séð konu úti á akbrautinni, þar sem hún hafi verið á leið í veg fyrir bifreiðina frá vinstri. Hafi konan verið á miðri götunni, er hann hafi séð til hennar fyrst. Kvaðst hann strax hafa hemlað og reynt að beygja undan til vinstri, en konan hafi lent fyrir framenda bifreiðarinnar hægra megin. Hann kvað bifreið sína hafa verið langt til stöðvaða, er konan lenti fyrir henni, en hún hafi kastast fram fyrir bifreiðina. Jón kvað skyggni hafa verið slæmt og konuna dökkklædda og hafi hann því séð hana seinna en ella. Jón kvað uppdrátt lögreglunnar nærri réttu lagi, en hann kvaðst ekki hafa skoðað hemlaför eftir bifreið sína og því ekki geta sagt um það, hvort aðeins var hemlafar eftir annað afturhjól hennar. Kvað hann sér hafa fundist bifreiðin taka jafnt í á öllum hjólum, er hann hemlaði. Jónas Bjarnason rannsóknarlög-reglumaður kom á vettvang, en þá var búið að flytja stefnanda í slysavarðstofuna. Hann kveður rigningu hafa verið og skyggni slæmt. Þar sem gatan hafi verið mjög blaut, hafi ekki verið greind hemlaför eftir bifreiðina, ef þau hafi verið, nema stutt far aftur af vinstri hjólum. Hann kveður ekki hafa tekist að ná í neina sjónarvotta. Jónas kveður götuna hallast þarna talsvert undan í sömu átt og bifreiðinni var ekið. Ekki kveður hann gangbraut vera þarna yfir götuna. Jónas kveður götulýsingu þarna vera sæmilega og raðir ljósastaura báðum megin götunnar. Hann kveður bifreiðina R 4706 hafa staðið sem næst á milli ljósastauranna á hægri götujaðri, en beint andspænis framenda hennar hafi verið ljósastaur vestanvert við akbrautina. Hann kveður 8—10 m bil vera á milli götuljósanna. Lögreglumenn gerðu uppdrátt af vettvangi, og samkvæmt honum er slysstaður um 74 m austan Litluhlíðar. Bifreiðin R 4706 hefur staðnæmst á götunni þannig, að framendi hennar hefur numið við steina, sem raðað er meðfram nyrðri vegbrún, en afturendi bifreiðarinnar er nær miðju. Hefur bifreiðin því stöðvast nokkuð á ská á veginum. Á uppdrættinum er markað hemlafar eftir vinstri hjól bifreiðarinnar, 6—7 m langt.

Arnpór Þórðarson bifreiðaeftirlitsmaður kom á vettvang og framkvæmdi rannsókn á bifreiðinni R 4706. Í skýrslu hans segir svo: „Við skoðun og reynslu í akstri kom í ljós, að hemlar bifreiðarinnar tóku í ójafnt, minnst hemlun var á hægri framhjól. Hemlafetill var í eðlilegri stöðu, er hann veitti viðnám. Stöðuhemill var í lagi, ljósabúnaður var í lagi, stýri var ekki eðlilegt, var laust og fundust högg í því við snúning. Þurrkur og flauta voru í lagi, rúður voru hreinar. Hraðamælir var óvirkur. Hjólbarðar voru allir með sumarmynstri, í lagi á framhjólum, en svo til sléttlitnir á afturhjólum“.

Samkvæmt yfirlýsingu Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 23. apríl 1975, hefur ökuriti aldrei verið í bifreiðinni og undanþága veitt vegna bifreiðarinnar. Þá kemur og fram, að stofnunin hafi bannað notkun bifreiðarinnar eftir slysið þar til eftirfarandi atriði hafa verið lagfærð: stýrisvél, ójöfn hemlun, hjólbarðar og hraðamælir. Kemur og fram, að bifreiðin hafi síðan komið til skoðunar 12. desember 1973 og hafi þá reynst vera í lagi.

Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda, og er mat hans dags. 25. nóvember 1974. Í örorkumatinu eru rakin læknisvottorð um áverka þá, sem stefnandi hlaut við slysið, og afleiðingar þeirra. Er örorkumatið svohljóðandi:

„Fyrir liggur í staðfestu endurriti áverkavottorð Jóns Friðriks-sonar á Skurðeild Borgarspítalans í Rvík, dags. 9/1 1974, svohljóðandi:

Sjúkl. kom á Slysavarðstofuna þ. 4/12 1973. Hún var meðvitundarlaus við komu, en kom fljótt til meðvitundar. Var skýr í hugsun og fullkomlega áttuð á stund og stað. Hún var skrámuð á höndum og á hnjám, hún var með stóra kúlu hægra megin á enni og byrjandi glóðarauga vinstra megin. Kvartaði um eymsli við djúpa innöndun, í baki og í hægri síðu. Teknar voru rtg-myndir, sem sýndu 8—9 cm langa skásprungu í os parietale hægra megin í höfuðkúpu án skörðungar eða misgengis. 5. og 6. rif hægra megin í aftari axillarlínu var brotið, enn fremur grunur um brot í 7. og 8. rífi, sömuleiðis í aftari axillarlínu. Mjaðmagrind hægra megin reyndist þríbrotin með vægu misgengi. Þá sáust engin merki um áverka á innri líffærum. Aðalástæða fyrir því, að sjúkl. liggur enn á sjúkrahúsi, er brotið á mjaðmagrind, en brot hjá fólki á þessum aldri gróa seint, og mun hún þurfa að liggja í nokkurn tíma enn, áður en þorandi er fyrir hana að reyna á brotið. Brotið situr aftur á móti vel, og þegar það grær saman, má búast við fullri fótaferð hjá sjúkl. Í öðru lagi kvartaði sjúkl.

um tvísýni eftir slysið, sem bar mest á fyrstu dagana, hefur farið minnkandi, en er ekki horfin alveg enn, má að líkindum búast við, að þetta einkenni hverfi á næstu mánuðum“.

Einnig liggur fyrir læknaþríf frá endurhæfingadeild sama sjúkrahúss, undirritað af Jóhanni G. Þorbergssyni, svohljóðandi: „Kom þ. 4/2 '74, fór þ. 25/3 '74.

Sjúkdómsgreining: Fractura cranii seq. Fractura pelvis. Fractura costarum.

79 ára gömul kona, sem verður fyrir bifreið þ. 4/12 '73. Hún mun hafa misst meðvitund um stund og rankaði ekki við sér fyrr en hún kom á Slysavarðstofuna. Við rannsókn kom í ljós á röntgen cranium mynd 8—9 cm löng skáfissura á hægri os parietal án diastasis eða dislocationar. Rtg. hægra rif sýndu fract. á 5. og 6. rífi í aftari axillarlínu, ennfremur er smábeygla á 7. og 8. rífi, sömuleiðis í aftari axillarlínu. Rtg. af hægri mjöðm þ. 7/12 sýndu engin brot á mjöðminni, en aftur á móti kom fram brot á ramus superior pelvis dxt. og tvíbrott á ramus inferior með vægri dislocation. Við komu á Endurhæfingadeild þ. 4/2 1974 kveðst hún að mestu vera orðin góð í höfðinu, en kvartar um skerta sjón og auk þess minnkaða heyrn á hægra eyra. Finnur auk þess til í mjöðminni, er hún hreyfir sig í rúminu.

Fyrri heilsufarssaga: Tví op vegna gallsteina, tví op vegna haemorrhoeida, op einu sinni vegna cystocoele. 1971 fær hún collum chirurgicum fract. vi. öxl og haft síðan af og til verki og þreytu í öxlinni. Saga um væga hypertension, sem meðhöndluð er með diugetica.

Skoðun við komu: Sjúkl. er fremur grannholda, engin decompensationseinkenni. Gland. thyroidea plaperast og er smá mobill hnútur í vi. lobus. Öndun virðist vesicular. Actio cordis regluleg, tensio 170/80.

Rannsóknir: Hemoglobin við komu 12 g%, en þ. 15/3 12.4 g%, sökk 18, hvít og diff eðlileg, þvagrannsókn: Engin eggjahvíta eða sykur, þvagræktun sýndi vöxt af B-coli, en taln. innan við 1000. Rtg. control af mjaðmagrind þ. 22/2 sýndi, að brotlegan var í öllum aðalatriðum óbreytt, en minimal callusmyndun var til staðar.

Gangur og meðferð: Sjúkl. var mjög dugleg í endurhæfingu, og í journal er notað þ. 11/2, að hún var farin að geta gengið um við 1 staf, en það, sem hefur aðallega háð henni, er, að heyrnin hefur orðið verri, að því er hún telur, á hægra eyra og því var beðið um heyrnarmælingu, og þ. 4/3 1974 rannsakaði Daníel

Guðnason sjúkl. Þar kemur í ljós, að sjúkl. hefur fundið fyrir heyrnardeyfu á báðum eyrum, einkum hægra eyra, síðan hún varð fyrir slysinu, svo og eyrnarsuði. Suðið virðist þó hafa minnk-
að. Audiogram sýndi neurogen heyrnardeyfu á báðum eyrum, öllu meira á hægra eyra, og ráðleggur Daníel að taka nýtt audiogram síðar, eftir ca mánuð eða svo, og ákveða þá, hvort rétt væri að prófa heyrnartæki.

Þann 27/2 er nóterað í journal, að sjúkl. sé nú farinn að geta gengið um án stuðnings. Bjúgur vildi safnast á hægri ökla, þegar líða tók á daginn, en jafnaði sig yfir nóttina, og hún hefur fengið eina töflu af Centyl á dag.

Þann 13/3 1974 er nóterað í journal, að sjúkl. fái 1 ml Depo-medrol í vi. axlarlið vegna verkja, sem hún hefur haft þar, en það er saga um gamalt trauma. Sjúkl. fær, á meðan á dvöl stendur, t. Centyl eina t. á dag, auk þess vitamín, t. ABCDin 1×2. Henni fór mjög vel fram, meðan á dvöl stóð hér, en við töldum rétt að reyna að endurhæfa hana eins vel og kostur var, þar sem hún býr í eigin íbúð á 2. hæð og þarf að ganga ca 14 tröppur upp á hæðina. Við brottför er henni ráðlagt að halda áfram með t. Centyl eina á dag, og einnig er henni ráðlagt að hafa samband við H.N.E.-deildina, m. t. t. væntanlegrar heyrnarmælingar“.

Þá liggur fyrir vottorð Kristjáns Sveinssonar augnlæknis, Rvík, dags. 7. nóvember 1974, svohljóðandi:

„Frú Jóhanna Guðlaugsdóttir slasaðist 4. des. s.l., fékk höfuð-
kúpubrot með fleiri brotum. Hún sá lengi tvöfalt eftir slysið, það hefur lagast að mestu, en hún á ennþá erfitt með að halda aug-
unum opnum og þreytist í þeim. Sjón á hægra auga — vinstra auga $\frac{1}{18}$ — $\frac{1}{12}$ með gleraugum“.

Loks liggur fyrir vottorð Guðmundar Eyjólfssonar læknis, sér-
fræðings í nef-, háls- og eyrnalækningum, dags. 11. nóvember 1974, svohljóðandi:

„Eyrn eru eðlileg við skoðun. Heyrn mælist skert á hægra eyra. 50—70 db. fyrir 4000 og 8000. 35—45 db. fyrir 1000 og 2000.

Á vinstra eyra er heyrnin 30—35 db. nema fyrir 8000 er um 45 db. Engin nystagmus er í dag hjá henni. Hún segir mikla suðu fyrir hægra eyra. Heyrnartapið, suðan og sviminn bendir til næringartruflunar á hægra eyra. Dál. ellibreyting er á vinstra eyra“.

Slasaða kom til undirritaðs til viðtals þ. 1/7 1974. Hún kveðst hafa orðið fyrir bifreið þ. 4/12 1973 og slasast af þeim sökum. Hún var flutt af slysstað í slysavarðstofu og vistuð í Borgarspítal-

anum til 25/3 1974, til lækninga og endurhæfingar. Frásögn hennar af því, hver meiðsl hún hafði hlotið, kemur heim við það, sem frá er greint í læknisvottorðum þeim, er liggja fyrir. Hún kvartar um, að hún hafi tapað heyrn við slysið, og kveðst hafa séð tvöfalt í fyrstu eftir slysið. Einnig kvartar hún um óþægindi í höfði, hálsi, hægri handlegg og hægri síðu og einnig í mjaðmasvæðinu hægra megin. Henni var ráðlagt að fá skoðun að nýju hjá Jóhanni G. Þorbergssyni lækni, sérfræðingi í lyflækningum og gigtarlækningum, og örorkumatsvottorð. Einnig ráðlagt að láta athuga heyrnina hjá sérfræðingi í þeirri grein með það fyrir augum að fá úr því skorið, hvort heyrnarmissirinn telst afleiðingar slyssins.

Ályktun: Það er um að ræða áttæða konu, sem varð fyrir umferðarslysi sem farþegi í bifreið (sic) fyrir tæpu ári. Hún hlaut í slysi þessu brot á höfuðkúpu, brot á tveimur brjóstrifjum og grun um brot á tveimur öðrum rifjum, brot á mjaðmagrind á þrem stöðum hægra megin.

Slasaða var vistuð í sjúkrahúsi af þessum sökum, að því er virðist í alls 3 mánuði og 3 vikur, til lækninga og endurhæfingar.

Slasaða telst hafa verið óvinnufær í 4 mánuði vegna afleiðinga slyssins, lítt vinnufær eftir það í 3 mánuði, vinnugeta verulega skert eftir það í 3 mánuði, og varanlega telst vinnugeta nokkuð skert.

Það, sem af líkum má telja varanlegar afleiðingar slyssins, eru heyrnarskerðing á hægra eyra, þreyta í augum og erfiðleikar við að halda þeim opnum, nokkur önnur óþægindi frá höfði, hálsi, hægri handlegg, hægri síðu og hægra mjaðmasvæði.

Tæpast er hægt að gera ráð fyrir, að slasaða fái frekari bata en þegar er fenginn á afleiðingu þessa slyss, og þykir því tímaþætt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss.

Með hliðsjón af heilsufarssögu þessarar öldruðu konu og þeirri hreysti, sem hún virðist hafa átt við að búa fram að slysinu, telst hæfilegt að meta örorku hennar af völdum slyssins, sem nú greinir:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%.	Eftir það í 3 mánuði	75%.
Eftir það í 3 mánuði	65%.	Eftir það varanlega	35%“

Guðjón Hansen hefur framkvæmt örorkutjónsútreikninga á grundvelli framangreinds örorkumats. Útreikningurinn, sem dags. er 17. desember 1974, er svohljóðandi:

„Samkvæmt örorkumati Stefáns Guðnasonar, læknis, dags. 25. nóvember 1974, varð frú Jóhanna Guðlaugsdóttir, Eskihlíð 22 A, Reykjavík, fyrir slysi 4. desember 1973. Telur læknirinn, að af völdum slyss þessa hafi Jóhanna hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 4 mánuði	100%
Í 3 mánuði	75%
Í 3 mánuði	65%
Síðan til frambúðar	35%

Jóhanna er sögð fædd 18. júlí 1894 og hefur samkvæmt því verið 79 ára gömul, er hún varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt upplýsingum yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hefur hún haldið heimili fyrir sig og son sinn, sem fæddur er árið 1926, og gerir það enn.

Samkvæmt töflum þeim um starfsorkulíkur, sem notaðar eru við örorkutjónsútreikninga, er gert ráð fyrir, að konur á aldri Jóhönnu, sem enn eru í starfi, geti haldið starfsorku sinni um nokkurra ára skeið, þótt líkur fyrir áframhaldandi starfi fari ört minnkandi.

Þegar tveir fullorðnir eru í heimili — venjulega barnlaus hjón — er ég vanur að áætla störf húsmóður á þann veg, að þau jafngildi $\frac{3}{4}$ af fullu starfi iðnverkakonu án yfirvinnu. Virðist mér eðlilegt, að sömu aðferð sé beitt í þessu máli. Þegar árslaun iðnverkakonu eru reiknuð sem tólfföld föst mánaðarlaun samkvæmt 2. flokki taxta Iðju í Reykjavík, reiknast mér $\frac{3}{4}$ hlutar árslauna verða sem hér segir:

Í desember 1973	kr. 259.749
Árið 1974	— 325.510
Árið 1975	— 374.649
Eftir þann tíma	— 378.864

Hér hefur verið tekið tillit til 3% umsaminnar grunnkaups-
hækkunar 1. júní 1975.

Miðað við framangreindan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áður nefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra tekna á slysdegi nema:

	Reiknað með 7% ársvöxtum kr.	Reiknað með 9% ársvöxtum kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 10 mán- uði eftir slysið	164.698	163.596
Vegna varanlegs orkutaps eftir það . .	85.193	82.935
Samtals	249.891	246.631

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra kvenna 1951—1960. Vextir eru reiknaðir á framangreinda tvo vegu. Tekið skal fram, að óvissa hlýtur að vera um það, hvernig hinar erlendu töflur um starfsorkulíkur henta við íslenzkar aðstæður, þegar um er að ræða svo háan aldur sem hér. Gögn um þetta atriði eru ekki tiltæk“.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er sundurliðuð þannig:

1. Bætur skv. örorkutjónsútreikningi	kr.	249.891
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, þjáningar, lýti og miska	—	800.000
3. Reikningur fyrir læknisvottorð	—	2.093
4. Reikningur fyrir örorkuútreikning	—	10.500

Kr. 1.062.484

Af hálfu stefnanda er fébótaábyrgð stefnda Landleiða h/f byggð á því, að ökumaður bifreiðarinnar R 4706 hafi ekki viðhaft þá aðgætni við akstur bifreiðarinnar, sem honum hafi borið, svo og því, að bifreiðin hafi verið í óforsvaranlegu og ólöglegu ástandi, verið í óökufæru ástandi, enda hafi notkun hennar verið bönnuð af Bifreiðaeftirliti ríkisins eftir slysið. Er því haldið fram, að samkvæmt skoðunargerð bifreiðaeftirlitsmannsins Arnþórs Þórðarsonar hafi vanbúnaður bifreiðarinnar brotið í bága við brýn ákvæði umferðarlaga og hafi þetta ástand leitt til þess, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki haft stjórn á henni. Er fébótaábyrgð stefnda Landleiða h/f byggð á 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, en fébótaábyrgð stefnda Samvinnutrygginga g/t er byggð á 2. mgr. 74. gr., sbr. 3. mgr. 70. gr. sömu laga. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki verði við hana sakast um atvik að slysinu. Hún hafi að vísu farið í strætisvagninum lengra en hún ætlaði sér, en ekki verði af þeirri ástæðu lögð á hana eigin sök

á slysinu. Þá er því haldið fram, að hún hafi gætt vel að bifreiðum til beggja handa, áður en hún hafi farið út á götuna, og hafi hún þá ekki séð neina bifreið nálgast. Hún hafi svo gengið rakleitt yfir götuna, en þá hafi slysið orðið.

Sýknukrafa stefndu er aðallega byggð á því, að stefnandi hafi gerst sek um svo stórkostlega óaðgæslu, að hún verði fyrir þá sök að bera ein ábyrgð á slysi því, sem hún varð fyrir, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram, að akbrautir séu fyrst og fremst ætlaðar ökutækjum og verði gangandi vegfarendur að virða þá höfuðreglu. Að því leiði, að gangandi vegfarendur, sem hyggjast ganga yfir akbrautir, verði að gæta ýtrustu varúðar, taka fyllsta tillit til ökutækja á akbrautinni og sjá öryggi sínu borgið á eindæmi sitt án þess að torvela eða trufla á nokkurn hátt akstur ökutækja. Þá beri vegfarendum að nota merktar gangbrautir, sé þess nokkur kostur. Er því haldið fram, að gera verði strangar kröfur til vegfarenda í þessu efni eftir því sem umferð ökutækja sé meiri og akstursskilyrði verri. Er því haldið fram, að umrædd akbraut sé ein mesta umferðargata hér í borg og er slysið varð, hafi akstursskilyrði verið með versta móti sökum myrkurs og rigningar. Ljóst sé af atvikum, að stefnandi hafi ekki tekið tillit til þess. Hún hafi virt allar umferðarreglur að vettugi og farið yfir akbrautina án þess að skeyta nokkuð um ökutæki, sem nálgðust. Annað hvort hafi stefnandi ekki skeytt um eigið öryggi eða hún hafi ætlað bifreiðarstjórum, sem þarna óku um, að koma í veg fyrir slys með nauðhemlun eða öðrum neyðarúrræðum, en hvort tveggja sé jafnháskalegt og ámælisvert. Er því haldið fram, að ef stefnandi hefði staðnæmst, áður en hún gekk út á götuna, og fylgst með umferðinni frá vinstri og hægri, þá hefði hún séð til ferða bifreiðarinnar og gert sér ljóst, að bifreiðin var svo skammt undan, að óðs manns æði hefði verið að fara yfir akbrautina í veg fyrir bifreiðina. Er því haldið fram í þessu sambandi, að stefnandi hafi með þessu atferli sínu stofnað öryggi farþega í bifreiðinni í verulega hættu, þar sem nauðhemlun slíkra bifreiða sé mjög hættuleg og geti valdið tjóni á farþegum, sem einatt séu óviðbúnir svo skyndilegri stöðvun. Af hálfu stefndu er því mótmælt, að ökumanni bifreiðarinnar R 4706 verði gefin sök á slysinu. Er því haldið fram, að hann hafi ekið hægt og hafi nauðhemlað, þegar hann hafi getað séð til stefnanda, er stefnandi hafi skotist fram undan bifreiðinni. Er á það bent, að ljóst sé af uppdrætti, að mjög lítið svigrúm hafi verið til að stöðva bifreiðina. Er því haldið fram, að hemlafetill hafi verið í eðlilegri stöðu

og veitt eðlilegt viðnám, þegar hemlað var, en fyrst og fremst hafi reynt á þetta öryggistæki bifreiðarinnar. Þótt stýri hafi ekki reynt í fyllsta lagi, þá skipti það ekki máli, því það hafi ekki reynt á það í viðleitni bifreiðarstjórans til að koma í veg fyrir slysið. Verði sýknukrafa á framangreindum grundvelli ekki tekin til greina að öllu leyti, þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi eigi að langmestu leyti sök á slysinu og hafi stefnandi fengið tjón sitt að fullu bætt, að því leyti sem það varði stefndu að lögum, þar sem stefndi Samvinnutryggingar g/t hafi hinn 10. júní 1974 greitt stefnanda bætur að fjárhæð kr. 100.000 ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Hafi þetta verið gert ex gratia og án viðurkenningar á bótaskyldu og beri að draga fjárhæð þessa frá, ef komi til mats á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Ekki verður það metið stefnanda til sakar, að hún fór með strætisvagninum lengra en hún ætlaði sér í upphafi. Gekk stefnandi síðan eftir gangstéttinni vestan akbrautarinnar, þar til hún kom að þeim stað, sem hún gekk út á götuna. Ekki er fram komið, að merkt gangbraut hafi verið yfir götuna, þar sem stefnandi fór úr bifreiðinni eða í næsta nágrenni. Er ekki komið fram, að merkt gangbraut sé yfir götuna fyrr en á móts við íþróttahús Knattspyrnufélagsins Vals, sem er langt frá þeim stað, sem hún gekk út á götuna. Við þessar aðstæður verður það ekki metið stefnanda til sakar, þótt hún hygðist komast yfir götuna, þar sem hún gekk út á hana. Er eigi ástæða til að ætla annað en stefnandi hafi gengið út á götuna, er hún sá, að ekki var von bifreiðar, eins og hún hefur skýrt frá, og gengið rakleiðis yfir götuna. Er ljóst af uppdrætti, að stefnandi hefur verið að komast yfir akbrautina, sem er þarna um 8 m breið, þegar hún varð fyrir bifreiðinni. Svo sem fram er komið, var notkun bifreiðarinnar bönnuð eftir slysið sökum ófullnægjandi ástands. Með hliðsjón af atvikum öllum þykir stefnanda ekki verða gefin sök á slysinu, og verður fébótaábyrgð á því að fullu lögð á stefnda Landleiðir h/f skv. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga.

Verða nú raktir kröfuliðir dómkröfu stefnanda og afstaða aðilja til þeirra.

Örorkutjón. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á örorkumati því, sem fyrir liggur í málinu, og örorkutjónsútreikningi. Er og á það bent, að stefnandi njóti ekki sérstakra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Af hálfu stefndu er kröfulið þessum mótmælt sem stefndu óviðkomandi, en til vara sem allt of háum. Er því haldið fram, að þótt stefnandi hafi getað

annast sjálfa sig á heimili sínu í skjóli elli- og eftirlauna, þá geti verðmæti slíkra heimilisstarfa ekki orðið nema óveruleg fjárhæð. Því sé það eigi raunhæfur grundvöllur að miða tjón stefnanda samkvæmt þessum lið við launatekjur fullvinnandi konu við störf utan heimilis samkvæmt launataxta stéttarfélags. Er því mótmælt, að tjón stefnanda verði metið á þessum grundvelli, enda geti það aldrei orðið nema brot af fjárhæð þessa kröfuliðar. Er því mótmælt sérstaklega, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni á grundvelli tímabundinnar örorku, þar sem hún hafi haldið bæði eftirlaunum og ellilífeyri, en það séu þær tekjur, sem hún hafi haft.

Bætur fyrir röskun á stöðu og högum, þjáningar, lýti og miska. Kröfuliður þessi er byggður á því, að samkvæmt framlögðum læknisfræðilegum gögnum sé ljóst, að meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra séu slíkr, að hún hafi liðið miklar þjáningar. Einnig sé staða hennar miklu lakari en hún var. Hún hafi áður verið einfær um að sjá um sig og farið ein allra sinna ferða og haldið heimili fyrir son sinn, en nú verði hún að öllu verulegu leyti að njóta hjálpar frá ættingjum og vinum. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að fjárhæð þessa liðar sé langt úr hófi fram, þegar tillit sé tekið til meiðsla stefnanda og afleiðinga þeirra. Eðlilegast virðist að meta tjón samkvæmt tveimur fyrstu kröfuliðunum í einu lagi og geti þá aðeins lítið brot af bótum samkvæmt þessum lið komið til álita. Er því haldið fram, að ekki geti verið um að ræða neinar bætur fyrir röskun á stöðu og högum stefnanda. Ekki geti heldur verið um að ræða bætur fyrir lýti, heldur komi aðeins til álita bætur fyrir þjáningar. Sé og á það að líta í þessu sambandi, að stefnandi virðist ekki hafa verið heilsuhraust fyrir slysið, því af gögnum málsins komi fram, að hún hafi oft gengið undir skurðaðgerðir.

Læknisvottorð. Kröfuliður þessi hefur ekki sætt andmælum.

Örorkutjónsútreikningur. Kröfuliður þessi er byggður á reikningi tryggingafræðingsins fyrir útreikning þann, sem fyrir liggur í málinu. Af hálfu stefndu hefur kröfuliður þessum verið mótmælt sem málinu óviðkomandi með vísan til röksemda þeirra, sem mótmælin gegn kröfu um örorkutjónsbætur eru byggðar á. Er því haldið fram, að ekki hafi verið skilyrði til að leggja í þennan kostnað.

Afstaða dómara til dómkrafna.

Stefnandi var 79 ára, þegar slysið varð. Eru tekjur hennar eftirlaun og ellilífeyrir. Býr stefnandi í eigin húsnæði. Örorkumöt og

örorkutjónsútreikningar eru hjálpargögn við ákvörðun tjónbóta. Þótt stefnandi hafi ekki haft aðrar tekjur en að framan greinir, þykir það ekki girða fyrir það, að hún eigi rétt til bóta fyrir örorkutjón. Eftir öllum atvikum þykir rétt að ákveða bætur fyrir örorkutjón, röskun á stöðu og högum, þjáningar og miska í einu lagi, en ekki er fram komið, að stefnandi hafi hlotið varanleg lýti við slysið. Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda og önnur atriði, sem hafa komið fram um hagi hennar, verða heildarbætur samkvæmt þessum kröfuliðum ákveðnar kr. 250.000. Krafa um greiðslu kostnaðar við læknisvottorð verður tekin til greina við ákvörðun um málskostnað. Stefnanda var rétt að leita álits tryggingafræðings, og þar sem kostnaður þessi hefur ekki sætt tölulegum andmælum, verður hann tekinn til greina við ákvörðun um málskostnað.

Greiðsluskylda. Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga ber stefndi Samvinnutryggingar g/t greiðsluskyldu á dæmdum fjárhæðum með stefnda Landleiðum h/f.

Stefndi Samvinnutryggingar g/t greiddi stefnanda hinn 10. júní 1974 kr. 100.000 „til samkomulags, en án viðurkenningar á bótaskyldu, „ex-gratia“,“ sem greiðslu í eitt skipti fyrir öll á tjóni stefnanda af völdum slyssins, svo og 9% vexti af fjárhæðinni og kr. 13.900 í lögmannspóknun. Var tekið við greiðslu þessari af hálfu stefnanda með fyrirvara um hærri bótafjárhæð í skaðabótamáli. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að greiðsla þessi eigi ekki að koma til frádráttar dæmdum bótum. Greiðsla þessi var innt af hendi sem greiðsla í eitt skipti fyrir öll á skaðabótum til stefnanda af völdum slyssins, og með hliðsjón af kröfum stefndu þykir hún því eiga að koma til frádráttar dæmdri bótafjárhæð í málinu. Samkvæmt því verða stefndu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 250.000 að frádregnum kr. 100.000, eða kr. 150.000 ásamt umkröfðum vöxtum, 9% ársvöxtum frá 4. desember 1973 til greiðsludags.

Ekki liggur fyrir sundurliðaður reikningur um kostnað stefnanda af rekstri málsins. Samkvæmt því, sem fyrir liggur í málinu, þykir kostnaður þessi hæfilega ákveðinn kr. 64.000, þar með talinn kostnaður við læknisvottorð, kr. 2.093, og kostnaður við örorkutjónsútreikning, kr. 10.500, svo og málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Kristins Einarssonar hæstaréttardómara, kr. 50.000. Stefndu ber að greiða in solidum kr. 64.000 í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Landleiðir h/f og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda, Jóhönnu Guðlaugsdóttur, kr. 150.000 með 9% ársvöxtum frá 4. desember 1973 til greiðsludags. Stefndu greiði in solidum kr. 64.000 í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, kr. 64.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
